# Fulltrúaráðsfundur

11. mars 2025

Grand hótel



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is

# Dagskrá

1 **Lykiltölur um afkomu sjóðsins**
Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri

2 **Framvinda fjárfestingastefnu**
Arne Vagn Olsen, forstöðumaður eignastýringar

3 **Framkvæmd ársfundar**
Tómas N. Möller, forstöðumaður lögfræðisviðs

4 **Önnur mál**
Jenný Ýr Jóhannsdóttir, deildarstjóri í lífeyrisdeild



# Lykiltölur um afkomu sjóðsins

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is

# Góð ávöxtun og traustur rekstur árið 2024

## Samantekt - sameignardeild

- Góð nafnávöxtun, innlendir og erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu í lok ársins
  - Nafnávöxtun 12,4%
  - Raunávöxtun 7,3%
- Nafnávöxtun eignaflokka
  - Erlend hlutabréf 18,7%
  - Erlend skuldabréf 6,0%
  - Innlend hlutabréf 12,6%
  - Innlend skuldabréf 7,9%
- Tryggingafræðileg staða í lok árs 2024 -4,3%, var í upphafi árs -6,8%
- Hrein eign sameignardeildar hækkaði um 164 milljarða á árinu og nam í árslok 1.420 ma.
- Ráðstafað var 51,4 ma. til verðbréfakaupa
- Hæstiréttur staðfesti í nóvember sl. samþykktabreytingar vegna nýrra forsendna í tryggingafræðilegu uppgjöri um auknar lífslíkur sjóðfélaga

# Veruleg hækkun lífeyrisgreiðslna og nýjungar í lánum

## Sameignardeild

- Lífeyrisgreiðslur aukast
  - Lífeyrisgreiðslur jukust um 17,5% og námu 39,3 ma.
  - 2.860 hófu töku eftirlauna á árinu
  - Í lok árs voru 26.884 sjóðfélagar á lífeyri

- Greiðslur til sjóðsins
  - Fjöldi greiðandi sjóðfélaga var 49.075
  - Greiðslur til sjóðsins jukust um 4,9% og námu 47,1 ma.

- Lánveitingar til sjóðfélaga
  - Nettó lánveitingar námu 1,2 ma.
  - Lán til fyrstu kaupa – allt að 85% og rýmri lántökuréttur fyrir fyrstu kaupendur
  - Hækkun hámarksláns í 95 mkr.

# Aukin ráðgjöf og þjónusta

## Sameignar- og séreignardeildir

- Um 100 sjóðfélagar bóka tíma með ráðgjafa í hverjum mánuði
  - 2 af hverjum 3 um lífeyrismál
  - 1 af hverjum 3 um lánamál
- Stafræn þróun
  - Yfirlit á *Mínum síðum* alltaf lifandi
  - 21% aukning í innskráningum á milli ára
  - Bréf send á pósthólf á island.is
  - Salesforce viðskiptatengslakerfi innleitt
- Nýtt tæknilegt umhverfi iðgjalda
  - Nýtt iðgjaldakerfi
  - Nýr fyrirtækjavefur
- Fræðsla
  - Myndbönd fyrir mannauðsfólk
  - Fræðslumyndbönd: tilgreind séreign, fyrstu kaup o.fl.
  - Kynningar í fyrirtækjum, þátttaka í viðburðum

# Þróun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris

## Sameignardeild 2024 – í milljörðum króna



# Eignasamsetning í árslok

## Sameignardeild 2024

- Ríkisskuldabréf – 11,1%
- Veðskuldabréf & fasteignatengd verðbréf – 18,8%
- Önnur skuldabréf – 6,2%
- Innlend hlutabréf – 13,5%
- Innlent laust fé – 0,7%
- Erlend hlutabréf– 37,8%
- Erlend skuldabréf – 11,9%









# Fjárfestingartekjur

## Sameignardeild – í milljónum króna

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum | 24.845 | 552 |
| Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum | 94.203 | 59.526 |
| Innlend skuldabréf | 37.927 | 39.908 |
| Bankainnstæður og aðrar fjárfestingartekjur | 1.544 | 1.203 |
| Bein fjárfestingargjöld | -444 | -494 |
| **Samtals** | **158.075** | **100.695** |

# Hreint ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga

## Í milljörðum króna

Heildar ráðstöfun til nýfjárfestinga var 51,4 milljarðar króna



# Raunávöxtun sameignardeildar

## Árleg raunávöxtun tímabila



# Iðgjöld

## Sameignardeild og séreign – í milljónum króna

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Sjóðfélagar | 13.982 | 13.172 |
| Launagreiðendur | 36.048 | 34.200 |
| Framlag v/jöfnunar örorkubyrði | 585 | 568 |
| **Samtals** | **50.615** | **47.940** |
| Breyting milli ára | 5,6% | |

# Lífeyrisgreiðslur

## Sameignardeild og séreign – í milljónum króna

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 31.228 | 26.172 |
| Örorkulífeyrir | 6.087 | 5.498 |
| Maka- og barnalífeyrir | 1.689 | 1.525 |
| Séreignargreiðslur | 1.332 | 1.266 |
| **Samtals** | **40.336** | **34.461** |
| Breyting milli ára | 17,0% | 30,8% |
| Fjöldi á lífeyri í sameignardeild í árslok | 26.884 | 25.048 |

# Lífeyrisbyrði / Lífeyrishlutfall

**Hlutfallið á milli greiddra iðgjalda til sjóðsins og lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga**



# Skipting lífeyrisgreiðslna 2024

- Ævilangur lífeyrir – 78%
- Örorkulífeyrir – 15%
- Maka- og barnalífeyrir – 4%
- Séreignagreiðslur – 3%



# Hækkun lífeyrisgreiðslna

## Lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 53% frá desember 2020 til mars 2025 vegna hækkunar réttinda og verðtryggingar. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 30%



# Hvað er tryggingafræðileg staða?

## Mat á eignum og skuldbindingum sjóðsins




### Helstu forsendur

- Ávöxtunarviðmið; 3,5% raunávöxtun
- Dánar- og eftirlifendatöflur (lífslíkur)
  Hversu lengi lifa sjóðfélagar?
- Örorkutíðni

Ef neðangreindur munur er á eignum og skuldbindingum þarf að hækka eða lækka áunnin lífeyrisréttindi:

+/- 5% yfir 5 ára tímabil
+/- 10% í árslok

# Tryggingafræðileg staða

**Mælikvarði á hve vel sjóðurinn er í stakk búinn að standa undir skuldbindingum sínum**




Tryggingafræðileg staða er metin ár hvert í tryggingafræðilegri athugun sem framkvæmd er af tryggingastærðfræðingi sjóðsins

Sjóðfélagi ber áhættu vegna ávöxtunar eigna sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu

# Breyting á tryggingafræðilegri stöðu 2024

**Góð ávöxtun á árinu hafði góð áhrif á tryggingafræðilega stöðu**



# Góð ávöxtun og vöxtur séreignardeilda

## Enn hlutfallslega fáir sjóðfélagar með séreignarsparnað hjá sjóðnum

| | Stærð | Fjöldi | Ávöxtun 2024 | Ávöxtun 5 ár |
|---|---|---|---|---|
| Verðbréfaleið | 23.573 | 1.098 | 12,4 % | 9,6% |
| Ævileið I | 6.446 | 2.832 | 13,0% | 8,6% |
| Ævileið II | 4.621 | 1.554 | 10,7% | 6,6% |
| Ævileið III | 2.451 | 694 | 8,2% | 4,4% |
| **Samtals** | 37.091 | 6.178 | | |

# Fulltrúaráðsfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

# Framvinda fjárfestingarstefnu

Arne Vagn Olsen,

forstöðumaður eignastýringar

Lífeyrissjóður verzlunarmanna
live.is



# Innlent efnahagsumhverfi 2024

- Hagvöxtur ársins 2024 nam 0,6% og var hærri en spár greiningaraðila gerðu ráð fyrir. Helstu drifkraftar hagvaxtar var aukning í fjárfestingu og íbúðauppbygging.

- Krónan styrktist um 4,1% á árinu. Krónan styrktist um 4,6% á móti evru en veiktist um 1,4% á móti bandaríkjadal.

- Verðbólga hjaðnaði á árinu og var 4,8% í lok árs 2024 eftir að hafa verið á bilinu 6%-7,7% á vormánuðum.
    - Samhliða hjöðnun verðbólgunnar hófst vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands með tveimur vaxtalækkunarákvörðunum undir lok árs.

Þróun verðbólgu og stýrivaxta



# Innlendir verðbréfamarkaðir áttu gott ár...

- Innlend hlutabréf áttu gott ár og skiluðu 14,7% ávöxtun á nýliðnu ári eftir slaka byrjun fyrri hluta ársins.

- Á skuldabréfamarkaði voru mestar breytingar á ávöxtunarkröfu styttri ríkisbréfa þar sem óverðtryggð ríkisbréf lækkuðu í kröfu en á móti hækkaði krafa verðtryggðra ríkisbréfa. Nafnávöxtun innlendu skuldabréfavísitölunnar NOMXIBB var 7,3% árið 2024.

Innlend hluta- og skuldabréf 2024 (ISK)



# ...og erlend hlutabréf skiluðu góðri ávöxtun...

- Erlend hlutabréf áttu, líkt og á árinu 2023, feikigott ár og skiluðu um 21,4% ávöxtun í ISK. Ávöxtunin var nokkuð dreifð á landssvæði og atvinnugreinar, en var leidd af tæknigeiranum.

- Þó nokkrar sveiflur voru á skuldabréfamörkuðum á síðasta ári vegna óvissu um efnahagshorfur.

Erlend hluta- og skuldabréf 2024 (ISK)



# ...og ávöxtun eignaflokka í heildina mjög góð...



# Nafnávöxtun sameignardeildar nam 12,4% á árinu 2024…

## Fjárfestingartekjur námu rúmlega 160 mö. kr. samanborið við 100 ma. kr. á fyrra ári



# ...og rúmlega 70% ávöxtunar má rekja til hlutabréfa



# Tiltölulega litlar breytingar gerðar á eignasamsetningu

## Sameignardeild



# Langtímaávöxtun sameignardeildar er góð...






# ...og sama má segja um ávöxtun séreignaleiða




- **Verðbréfaleið** fylgir fjárfestingar-stefnu sameignardeildar

- **Ævileið I:**
- 50% skuldabréf og 50% hlutabréf

- **Ævileið II:**
- 75% skuldabréf og 25% hlutabréf

- **Ævileið III:**
- 80% í skuldabréfum og 20% í innlánum eða lausafjársjóðum

# Hvernig byrjar árið 2025?

## Miklar sveiflur á markaði og óvissa

### Erlendir markaðir

- Hlutabréfamarkaðir byrjuðu árið af krafti en hafa lækkað á undanförnum vikum vegna óvissu tengdri yfirvofandi tollastríða.

### Innlendir markaðir

- Líkt og erlendis hefur innlendi hlutabréfamarkaðurinn áhyggjur af mögulegum tollum.

- Væntingar eru um að verðbólga haldi áfram að hjaðna á árinu samhliða lækkun stýrivaxta.

Erlend hluta- og skuldabréf frá áramótum (ISK)




Innlend hluta- og skuldabréf frá áramótum (ISK)



# Fulltrúaráðsfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is

# Framkvæmd ársfundar

Tómas N. Möller,
forstöðumaður lögfræðisviðs



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is

# Úr samþykktum LV

## Leiðir af greinum 5.1 og 5.4



# Hlutverk fulltrúaráðs m.a.

- Að staðfesta tilnefningu stjórnarmanna aðildarsamtaka LV (hver samtök fyrir sig)
- Umfjöllun á vettvangi aðildarsamtaka LV fyrir ársfund
- Að fara með atkvæði á ársfundi, 1 + 2 atkvæði mest
- Afl atkvæða ræður, sameiginleg eða tvískipt atkvæðagreiðsla
- Fylgjast með störfum stjórnar og veita henni aðhald

# Fundir fulltrúaráðs

**Haustfundur**

- Lykiltölur um afkomu
- Framvinda fjárfestingarstefnu
- Samþykktabreytingar, ef við á.

**Vorfundur**

- Lykiltölur um afkomu
- Framvinda fjárfestingarstefnu
- Samþykktabreytingar, ef við á.
- Framkvæmd ársfundar

**Ársfundur**

- Til kynningar
- Til atkvæðagreiðslu

**Framkvæmd ársfundar**

- Á Grand Hótel Reykjavík, 25. mars 2025, kl. 17
- Fundurinn fer fram á staðnum (streymi ekki gagnvirkt)
- Atkvæðagreiðsla fulltrúa í fulltrúaráði, handaupprétting eða kjörseðill

# Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundi

**Ársfundur fer með æðsta val í málefnum sjóðsins nema annað leiði af lögum eða samþykktum. Aðrir sjóðfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.**

### Á ársfundi skal kynna:

- Skýrslu stjórnar
- Ársreikning fyrir síðasta starfsár
- Tryggingafræðilega athugun
- Fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs
- Hluthafastefnu
- Skipan stjórnar
- Skipan fulltrúaráðs

### Á ársfundi skal bera undir atkvæði

- Starfskjarastefnu
- Val fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna
- Tillögur um stjórnarlaun
- Tillögu stjórnar um endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki
- Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum

# Um kjör nefndar um laun stjórnarmanna

## Nefnd um laun stjórnarmanna

5.17. Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.

5.17.1. Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt.

5.17.2. Nefndin er ályktunarbær ef þrír nefndarmanna sækja fund. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðun nefndarinnar.

5.17.3. Nefndin setur sér starfsreglur og skiptir með sér verkum.

5.17.4. Nefndin skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, m.a. varðandi ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.

# Fulltrúaráðsfundur
# Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is

# Önnur mál

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



# Þýskar lífeyristryggingar

Jenný Ýr Jóhannsdóttir,
deildarstjóri í lífeyrisdeild



# Hvað er verið að selja?

**Eru þýskar lífeyristryggingar góður kostur á Íslandi?**

- Kostnaður og háar þóknanir einkenna vöru erlendra vörsluaðila.
- Íslenskum lífeyrissjóðum ekki heimilt að taka þóknanir af iðgjaldi
- Markhópar
  - Ungir einstaklingar
  - 60+

## Þóknanir þykja stangast á við lög

Arinbjörn Rögnvaldsson
arir@mbl.is

Ekki heimilt samkvæmt lögum að taka þóknanir af greiddu iðgjaldi.

Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins og stjórnarmaður Landssamtaka lífeyrissjóða, vakti athygli á háum þóknunum erlendra lífeyristrygginga í aðsendri grein sem birtist í ViðskiptaMogganum á dögunum.

Þar benti Ólafur á að auk lífeyrissjóða og innlendra vörsluaðila lífeyrissparnaðar bjóði þrír erlendir vörsluaðilar upp á þjónustu tengda séreignarlífeyrissparnaði hér landi, þ.e. Allianz, Bayern-Líf og VPV. Hann telur vafa undirorpið hvort þóknanir sem erlendu vörsluaðilarnir taki af lífeyrisgjaldi séu í samræmi við íslensk lög. Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði megi aðeins verja lífeyrisiðgjaldi, sem greitt er af launum hvers og eins, til öflunar lífeyrisréttinda og óheimilt sé að ráðstafa því í þóknanir eða annan kostnað líkt og erlendu aðilarnir gera.

Skv. uppgjöri Íslandsbanka, móðurfélags Allianz Ísland, námu þóknanatekjur 2 milljörðum kr.

Ólafur fullyrðir að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum taki Allianz á Íslandi þóknun sem nemur 25,8% af lífeyrisiðgjaldi fyrstu fimm ár samningstímans. Þá falli niður 20,5% upphafsþóknun eftir fimm ár og þóknunin verði eftir það 5,3%. Miðað við 40 ára samningstíma sé þóknunin samtals 7,9%.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, tekur í sama streng og ítrekar að lífeyrissjóðum sé ekki heimilt samkvæmt lögum að taka þóknanir af greiddu iðgjaldi.

„Það hefur komið á óvart að það sé verið að taka þóknanir sem reiknast sem hlutfall af greiddu iðgjaldi. Slíkt mál kom upp á árinu 2009 þar sem innlendur vörsluaðili var með sparnaðarleið þar sem þóknun var tekin af iðgjaldi og var honum gert það ljóst af Fjármálaeftirlitinu, skattayfirvöldum og fjármálaráðuneytinu að það stangaðist á við lög,“ segir Þórey í samtali við ViðskiptaMoggann.

Hún segir umræddar þóknanir gríðarlega háar og mikilvægt sé út frá neytendavernd að skera úr um lögmæti þeirra.

„Það sem skiptir mestu máli er neytendaverndin, þ.e. að þeir einstaklingar sem leggja fyrir sinn skyldulífeyrissparnað og frjálsan viðbótarlífeyrissparnað séu meðvitaðir um hvað þetta kostar þá. Hjá innlendum lífeyrissjóðum er heildariðgjaldið móttekið og ávaxtað en ekki hluti af iðgjaldinu notaður í kostnað eða þóknun,“ segir Þórey.

Þórey segir að furðu sæti að eftirlitsaðilar hafi ekki með meiri festu látið málið til sín taka en hér er um mikilvægt neytendamál að ræða og ekki hafi enn fengist skýr svör við því hvort þessar þóknanir séu í samræmi við íslensk lög.

Hún segir aðspurð að háar þóknanir komi eðlilega til með að rýra lífeyrissparnað hjá fólki.

„Þú leggur ekki fyrir og ávaxtar fé sem búið er að klípa af í þóknanir,“ segir Þórey.

PISTLAR 14. janúar 2025 19:30 Ritstjórn / ritstjorn@vb.is

## Íslenska séreignin leggur þýska stálið

„Það þarf ekki að hvetja fólk til að velja íslenskt á þjóðlegum forsendum, fyrirliggjandi upplýsingar segja einfaldlega að það borgar sig í langflestum tilfellum.“



**LÍFEYRISMÁL**
**Ólafur Páll Gunnarsson**
Framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins

## Þóknanir erlendra vörsluaðila

Lífeyrisréttindi launþega hjá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum lífeyrissjóða eiga uppruna sinn í lífeyrisiðgjaldi sem greitt er af launum hvers og eins. Lífeyrisiðgjald eftir skilmálum tryggingasamnings. Eina hlutverk umboðsaðilans er að koma á samningi milli launþega og erlenda aðilans.

# Himinn og haf í samanburði á vörum

## Eru þýskar lífeyristryggingar góður kostur á Íslandi?

| | Allianz, VPV Versicherungen, Bayern Líf Sparnaður | Lífeyrissjóður verzlunarmanna |
|---|---|---|
| Upphafskostnaður | ✓ | |
| Útgöngukostnaður | ✓ | |
| Árlegur rekstrarkostnaður | ✓ | ✓ |
| Viðskiptakostnaður | ✓ | ✓ |
| Kostnaður af iðgjaldi | ✓ | |

# Alþjóðlegur samanburður lífeyriskerfa 48 landa

## Lífeyrisvísitala Mercer-CFA Institute

- Íslenska lífeyriskerfið fremst í flokki fjórða árið í röð
    - Flokkur A: Fyrsta flokks, greiðir góðan lífeyri, sjálfbært til langs tíma og nýtur trausts.

- Þýskaland í flokki B
    - Gegnumstreymis kerfi. Ein kynslóð greiðir fyrir aðra.
    - Áhyggjuefni með hækkandi lífaldri og lægri fæðingartíðni.
    - Lífeyrisgreiðslur hafa ekki hækkað í samræmi við launaþróun.

| Grade | Index value | Systems | | |
|---|---|---|---|---|
| A | >80 | Netherlands<br>Iceland<br>Denmark<br>Israel | | |
| B+ | 75-80 | Singapore<br>Australia<br>Finland<br>Norway | | |
| B | 65-75 | Chile<br>Sweden<br>UK<br>Switzerland<br>Uruguay | New Zealand<br>Belgium<br>Mexico<br>Canada<br>Ireland | France<br>Germany<br>Croatia<br>Portugal |
| C+ | 60-65 | UAE<br>Kazakhstan<br>Hong Kong SAR<br>Spain | Colombia<br>Saudi Arabia<br>USA | |
| C | 50-60 | Poland<br>China*<br>Malaysia<br>Brazil<br>Botswana | Italy<br>Japan<br>Peru<br>Vietnam<br>Taiwan | Austria<br>Korea (South)<br>Indonesia<br>Thailand |
| D | 35-50 | South Africa<br>Türkiye<br>Philippines | Argentina<br>India | |
| E | <35 | Nil | | |

# Raundæmi

## Byggir á greiðsluyfirliti til erlends vörsluaðila frá 2002

| | Erlendur vörsluaðili | Lífeyrissjóður verzlunarmanna |
|---|---|---|
| Greidd iðgjöld 2002-2024 | 7,6 milljónir | 7,6 milljónir |
| Flytur inneign í dag | 8,5 milljónir | 16,3 milljónir |
| Erfðaséreign | 8,4 milljónir | 16,3 milljónir |
| Greiðir út samningstíma | 14 milljónir | 22 milljónir |

Byggir á greiðsluyfirliti einstaklings sem greitt hefur til erlends vörsluaðila frá 2002

# Hvers vegna ná þeir svona miklum árangri?

## Af hverju er þýsk lífeyristrygging að hasla sér völl á Íslandi?

- Er varan betri?
  - Kostnaðurinn er mun hærri
  - Söluþóknanir dregnar af iðgjaldi, minni upphæð fer í ávöxtun
  - Binding út samningstímann
  - Ávöxtun lægri

- Spurningar sem vakna
  - Er fólk að taka upplýsta ákvörðun?
  - Af hverju eru eftirlitsaðilar ekki að beita sér þar sem þóknanir erlenda vörsluaðila eru ekki í samræmi við íslensk lög?
  - Sölufólk fær að athafna sig óáreitt á vinnustöðum, hver er ábyrgð vinnuveitanda?

# Spurningar?



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna